Lög Leikfélags Kópavogs

1. grein
Heiti félagsins
Félagið heitir Leikfélag Kópavogs.

2. grein
Markmið
Markmið félagsins er að starfrækja leikhús í Kópavogi og efla áhuga á leiklist.

3. grein
Innganga í félagið
Inngöngu í félagið geta allir fengið sem áhuga hafa á leiklist og vilja starfa sem áhugamenn. Umsókn um inngöngu skal vera skrifleg og leggjast fyrir stjórn félagsins sem afgreiðir inntökubeiðnir endanlega þegar félagsgjald hefur verið greitt.

4. grein
Félagsgjöld
Aðalfundur ákveður félagsgjöld og í hvaða formi þau skulu vera. Einungis þeir sem greitt hafa félagsgjald fyrir yfirstandandi leikár teljast fullgildir félagar. Félagar 67 ára og eldri eru undanþegnir greiðslu félagsgjalda.

5. grein
Fundir
Aðalfund skal halda í maí eða júní ár hvert. Heimilt er að skipta aðalfundi. Aðalfundarstörfum skal þó ætíð lokið fyrir 31. desember sama ár. Boða skal til aðalfundar skriflega með minnst viku fyrirvara.
Aðalfundur telst löglegur ef löglega er til hans boðað án tillits til fjölda fundarmanna. Almenna félagsfundi skal halda þegar stjórnin telur þess þörf, eða minnst 2/3 fullgildra félagsmanna óskar þess skriflega. Skipa skal sérstakan fundarstjóra og fundarritara á öllum fundum.

6. grein
Aðalfundastörf
Störf aðalfundar eru þessi:
a) Kosning fundarstjóra og fundarritara.
b) Skýrsla stjórnar félagsins um starf á leikárinu lesin upp.
c) Skýrslur nefnda lesnar upp.
d) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar fyrir síðasta reikningsár.
e) Stjórnarkjör.
f) Kosning hússtjórnar
g) Kosningar tveggja endurskoðenda og eins til vara.
h) Aðrar kosningar.
i) Lagabreytingar. Tillögur skulu sendar eða kynntar í stjórn eigi síðar en 4 vikum fyrir aðalfund.
j) Ákvörðun félagsgjalda.
k) Önnur mál.
l) Afgreiðsla fundargerðar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026